

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 314

Dagsetning: 30. september 2025

Fundartími: 08:15 – 10.36

Fundarstaður: Fundarsalur Orkugarði 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Sindri Kristjánsson, fyrir Hildu Jönu Gísladóttur

Sóley Björk Stefánsdóttir

Þórhallur Jónsson

Þróstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

Fjarverandi

Hilda Jana Gísladóttir

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri

Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri

Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Fjárfestingaráætlun 2026-2031
2. Styrkfjárhæðir 2026
3. Fjárhagsáætlun 2026
4. Tilboð í hlut Norðurorku hf. í Skógarböðum ehf.
5. Dagskrá eigendafundar 9. október 2025

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fjárfestingaráætlun 2026-2031

Fjárfestingaráætlun 2026 - 2031 lögð fram til kynningar. Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs kynnti fyrstu drög að fjárfestingaráætlun.

Til kynningar.

2. Styrkfjárhæðir 2026

Stjórn ræddi fjármagn í styrki árið 2026. Fram kom að styrkfjárhæð var lækkuð frá árinu 2024 um 31,8 milljón vegna ársins 2025 og var þá 31,5 milljón króna.

Stjórn samþykkti að halda heildarfjárhæð styrkja óbreyttri, þ.e. 31,5 milljón fyrir árið 2026.

3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár veitna 2026

Gjaldskrár veitna

Á liðnum árum hefur verið notuð ákveðin aðferðafræði varðandi grunn til útreikninga á breytingum gjaldskráa komandi árs. Annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum; neysluverðsvísitölu, byggingavísitölu og launavísitölu. Einstakir liðir ársreiknings tengjast mismunandi vísitölu eftir því hvaða vísitala hefur mest áhrif á viðkomandi lið. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku.

Verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár eru skv. útgefnu riti Seðlabankans um peningamál 20. ágúst 2025.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði (ágúst 2024 til júlí 2025) reiknast 5,4% og verðbólguþáttur Seðlabankans fyrir árið 2026 er 3,6%. Þessar prósentur vegnar saman til helminga eru 4,5% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2026, bæði fyrir tekjur (gjaldskrárhækkanir) og annan rekstrarkostnað.

Fráveita: Í nokkur ár hefur Norðurorka framkvæmt virðispróf á veitum fyrirtækisins. Fráveitan hefur komið neikvætt út, þ.e. að tekjur standa ekki undir eignum veitunnar og enn er staðan þannig. Þegar gjaldskrá 2025 var rædd fyrir ári síðan var sýnt fram á það að hækka þyrfti gjaldskrá fráveitunnar um 20% til að ná því marki að veitan standist virðispróf. Stjórn taldi rétt að taka það í hæfilegum skrefum og fara ekki alla leið þá. En það lá fyrir, miðað við ofangreint, að verðskrá fráveitunnar myndi þurfa að hækka umfram verðlag á árinu 2026. Niðurstaða virðisprófs nú sýnir að fráveita þurfi að hækka um 18% til að standa undir eignum. Stjórn telur of bratt að hækka fráveitu svo mikið og telur að heppilegra sé að taka vægari skref.

Vatnsveita: Rekstur vatnsveitu er í jafnvægi og tekjur standa undir rekstri. Þrátt fyrir áætlaðar umtalsverðar framkvæmdir á næstu árum er gert ráð fyrir að nýjar tekjur muni duga til að mæta þeim kostnaði til lengri tíma. Stífar kröfur gilda um leyfilegar tekjur vatnsveitu og er vatnsveita Norðurorku komin í það hámark sem leiðbeiningar og reiknilíkan ráðuneytis sveitarstjórnarmála kveða á um.

Rafveita: Magn dreifðrar orku í rafveitunni hefur lítið breyst í mörg ár þrátt fyrir fjölgun íbúða og af þeim sökum hafa tekjur ekki vaxið í samræmi við aukið umfang veitukerfisins. Tekjur í rafveitu hafa í nokkur ár verið vanteknar, þ.e. talsvert hefur vantað upp á það að tekjumörk séu nýtt til fulls og mikilvægt er að nálgast þau tekjumörk sem rafveitu eru sett. Halda þarf áfram með það verkefni að spennubreyta eldri hluta dreifikerfisins á Akureyri ásamt því að umtalsverðar nýframkvæmdir eru og verða í gangi næstu ár. Það, ásamt því að enn vantar talsvert upp á það að tekjumörk séu nýtt, hvetur til þess að hækka rafveitu umfram verðlagsþróun.

Hitaveita: Á yfirstandandi ári hefur Norðurorka látið bora tvær vinnsluholur. Borun í Ólafsfirði bar ekki árangur en útlit er fyrir að vel hafi tekist til í Ytri Haga. Framkvæmdir sem eftir eru vegna virkjunar á nýju borholunni þar eru mjög kostnaðarsamar. Einnig standa yfir umfangsmiklar rannsóknir á starfssvæðinu sem munu halda áfram næstu ár.

Framkvæmdaáætlun hitaveitu gerir ráð fyrir 968 milljónum króna í fjárfestingar 2026 og tæplega 1.400 milljónum króna 2027, samtals áætlað hátt í 2 milljarðar í fjárfestingum næstu tvö ár. Fjárfestingar í hitaveitu eru um helmingur allra fjárfestingum næsta tveggja ára. Nauðsynlegt er að hækka hitaveituna umfram verðlagsþróun til þess að mæta þessum miklu framkvæmdum og fjárfestingum.

Fjárhagsáætlun Norðurorku hf.

Fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun Norðurorku hf. Tekjur móðurfélags taka mið af samþykktum gjaldskrárhækkunum og rekstrargjöld hækka almennt um áætlaða vísitölu NO, 4,5%. Laun hækka um 4,1% í samræmi við spá Seðlabanka Íslands um launapróun. Gert er ráð fyrir 3,6% verðbólgu í fjármagnsliðum í samræmi við spá Seðlabankans. Rekstrartekjur eru áætlaðar 5.765 m.kr., rekstrargjöld 3.431 m.kr., og EBITDA því 2.334 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 830 m.kr., fjármagnsliðir 524 m.kr., jákvæð áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага 114,7 m.kr. og skattar 137 m.kr. Rekstrarafkoma móðurfélagsins er áætluð 958 m.kr.

Hagnaður Fallorku ehf. er áætlaður 92,7 m.kr. og gert er ráð fyrir að hagnaður verði 958 m.kr. hjá samstæðunni.

Árið 2026 er gert ráð fyrir 1.904 m.kr. í fjárfestingar og eru fjárfestingar áranna 2026-2029 áætlaðar 6.522 m.kr. Ljóst er að þörf er fyrir lántökur til að mæta fjárfestingum og er áætluð lántaka 2026 að fjárhæð 300 m.kr. og samtals 800 m.kr. á árunum 2026-2029. Í áætlun 2027-2029 er gert ráð fyrir að tekjur og gjöld fylgi verðlagsbreytingum skv. verðbólguþspá Seðlabanka Íslands.

Á fundinum var farið yfir fjárfestingaáætlun, rekstraráætlun, minnisblað um fjárhagsáætlun, fjögurra ára áætlun á samstæðugrunni og ýmis ítagögn.

Samþykkt að hækka gjaldskrá fráveitu um 14,5%

Samþykkt að hækka ekki gjaldskrá vatnsveitu.

Samþykkt að hækka gjaldskrá rafveitu um 4,9%

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu um 5,1%

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun Norðurorku 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029.

4. Tilboð í hlut Norðurorku hf. í Skógarböðum ehf.

Borist hafa fjögur óskuldbindandi tilboð í hlut Norðurorku í Skógarböðunum en tilboðsfrestur rann út 25. september sl.

Forstjóra falið að ganga til samninga við hæstbjóðanda.

5. Dagskrá eigendafundar 9. október 2025

Boðað hefur verið til eigendafundar 9. október næstkomandi. Kynntar verða helstu forsendur gjaldskrárbreytinga og fjárhagsáætlunar 2026.

Til kynningar.